



Minjastofnun Íslands
Dr. Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður
Suðurgata 39
101 Reykjavík

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg 101 Reykjavík
sími: 545 8400 postur@for.is
forsaetisraduneyti.is

Reykjavík 29. júní 2020
Tilv.: FOR20060314/9.1.8

Efni: Endurbætur á Stöng í Þjórsárdal.

Vísað er til fyrri samskipta vegna fyrirhugaðra endurbóta á bænum Stöng í Þjórsárdal. Í erindi Minjastofnunar, dags. 15. júní 2020, kemur fram að ráðgert sé að lagfæra og stækka skýli yfir minjum í Stöng til að verja þær fyrir skemmdum. Einnig þurfi að grafa í kringum og innan í rústum bæjarins.

Ráðuneytið gerir ekki athugasemd við þær fyrirætlanir sem fram koma í erindi Minjastofnunar frá 15. júní. Hvorki verður talið að slíkt viðhald sé háð leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar á grundvelli 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998, né samþykki ráðuneytisins. Hins vegar skal bent á að viðameiri uppbygging en sú sem lýst er í erindi Minjastofnunar, og eftir atvikum gjaldtaka fyrir aðgang að svæðinu, kann að vera háð leyfi sveitarfélags og eftir atvikum samþykki ráðuneytisins.

Haft var samráð við samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 58/1998 við afgreiðslu erindisins.

Fyrir hönd ráðherra



Sigurður Örn Guðleifsson



Egill Pétursson

Ljósrit: Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs.
Davið Sigurðsson, byggingarfulltrúi
Dalbraut 12
840 Laugarvatn